



Skólanámskrá

Uppbyggingastefnan

Metnaður og skipulag
eru vinsæl orð í dag.

Sjálfstraust þarf í okkar sál
til að leysa vandamál.

Uppeldi til ábyrgðar
er stefna okkar, mundu það.

Við erum glöð og reglusöm,
vinátta, virðing, okkur töm.

Tökum frumkvæði og forustu,
sigrum hverja orustu.

Þolum ekki ofbeldi,
tökum ábyrgð á uppeldi.

Texti: kennarar Bakkaborgar

Reykjavík, september 2020 (endurskoðuð, nóvember 2024).

Efnisyfirlit

<i>Leikskólinn Bakkaborg</i>	5
Um námskrá leikskólans.....	5
<i>Hugmyndafræðilegar áherslur og sýn leikskólans.</i>	6
Gildi leikskólans.	6
Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga	6
Félagsleg hugsmíðahyggja.	7
Áherslur í leik og námi barna	8
<i>Grunnþættir menntunar</i>	11
<i>Námssvið og leiðir</i>	12
Læsi og samskipti	13
Heilbrigði og vellíðan.....	16
Sjálfbærni og vísindi	19
Sköpun og menning.....	22
<i>Námsefni</i>	25
<i>Menntastefna reykjavíkurborgar og Barnasáttmálinn</i>	26
<i>Skóli margbreytileikans</i>	28
<i>Samskipti</i>	29
Málstefna Bakkaborgar	30
Samskiptasáttmáli.....	30
<i>Samstarf leikskóla og heimilis</i>	31
<i>Samstarf milli skólastiga</i>	33
<i>Samstarf við stofnanir og nærumhverfi</i>	34
<i>Mat á starfi leikskólans</i>	35
Innra mat	35
Ytra mat.....	36
Mat á námi og velferð barna	37
<i>Umsögn foreldraráðs um skólanámskrána</i>	38
<i>Helstu stuðningsrit við gerð þessarar skólanámskrár</i>	39

Vakin er athygli á því að í flestum tilvikum er notað orðið kennari yfir alla starfsmenn leikskólans og er það gert til að ítreka það að allir koma að námi barnanna, hvort sem þeir eru faglærðir eða ófaglærðir.

Leikskólinn Bakkaborg

Leikskólinn Bakkaborg stendur við Blöndubakka 2 - 4 í neðra Breiðholti og tók hann formlega til starfa 1. desember 1972. Leikskólinn er einn af borgarreknu skólum Reykjavíkurborgar.

Upphaflega var Bakkaborg fjögurra deilda leikskóli. Þegar skóladagheimilinu Bakka var lokað, þá bættist fimmta deildin við Bakkaborg. Deildaskiptingin er því þannig: Bakki er ungarnadeild, Álfhóll og Dvergasteinn eru miðdeildir, Skessuból og Trölladyngja eru eldri deildir.

Um námskrá leikskólans

Rekstur og stjórn Bakkaborgar fellur undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Sviðið starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ásamt reglugerðum er varðar þau lög og samþykktum borgarráðs um sviðið. Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn.

Hverjum leikskóla ber skylda til að móta sína eigin skólanámskrá út frá lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá og stefnumótandi samþykktum skóla- og frístundasviðs. Í henni á að koma fram nánar hvernig uppeldis- og menntastarf er unnið, samskipti við börn, kennara, foreldra og samfélagið. Einnig á að fjalla um mat á leikskólastarfinu, því tryggja á að réttindi barna séu virt samkvæmt lögum um leikskóla.

Skólanámskrá Bakkaborgar byggir á gömlum merg, en er reglulega endurskoðuð undir forystu leikskólastjóra. Kennarar, börn og foreldrar koma að þeirri vinnu í gegnum samræður, kannanir og vinnufundi. Börnin gerðu jafnframt teikningarnar sem prýða skólanámskrána.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar með upphaf formlegrar menntunar. Hann er ekki skylda heldur er það ósk foreldra að leikskólinn annist uppeldi, umönnun og menntun barna sinna.

Lögð er áhersla á að veita börnum hvetjandi námsumhverfi, þar sem markvisst er verið að styrkja sjálfsmynd, efla félagsfærni, læsi og sköpun, ásamt því að stuðla að heilbrigði. Námsbarn skuli fara fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.



Leikskólum ber einnig að gera starfsáætlun fyrir hvert skólaár og er þar nánar fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar. Í starfsáætluninni er fjallað um helstu áherslupætti í foreldrasamstarfi, innra mati og ytra, umbótaáætlun, stoðþjónustu og samstarf við grunnskólann og aðrar stofnanir (ef við á). Leikskólanum ber jafnframt að gera ýmsar aðrar áætlanir út frá hinum ýmsu stefnum og má þar nefna læsisáætlun, jafnréttisáætlun og eineltisáætlun.

Hugmyndafræðilegar áherslur og sýn leikskólans.

Leikskólinn Bakkaborg er fjölmenningalegur leikskóli sem leggur áherslu á að efla sjálfstæði, félagsfærni og víðsýni barna. Sérstök áhersla er jafnframt á málörvun og virðingu fyrir fjölbreytileikanum í öllu daglegu starfi leikskólans. Bakkaborg er leikskóli sem er í stöðugri þróun og hafa bæði börn og kennarar áhrif á starfið sem fer þar fram.

Gildi leikskólans.

Árið 2008 fór af stað vinna í starfsmannahópnum til að skoða hvaða gildi einkenndu leikskólastarfið í Bakkaborg. Þau gildi sem allir voru sammála um að væru ríkjandi í starfinu voru **gleði, vinátta og virðing**. Reglulega eru gildin endurskoðuð og eru þau enn í dag gildin sem vísa veginn í leik og námi Bakkaborgar.

Út frá gildum leikskólans var ákveðið að þróa starfið í anda uppbyggingarstefnunnar, Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga.

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

Upphafsmaður hugmyndafræðinnar Uppeldi til ábyrgðar er Diane Gossen. Hún byggir hugmyndafræðina á viðurkenndum vísindalegum kenningum um eðli mannlegrar hegðunar og rannsóknum. Jafnframt þróaði hún aðferðina út frá hugmyndum dr. William Glasser um gæðaskólann og sjálfstjórnarkenningu hans.

Dr. William Glasser heldur því fram að orsök slæmrar hegðunar og vanlíðunar sé vegna þess að einstaklingurinn nái ekki að uppfylla grunnþarfir sínum á jákvæðan hátt. Ef einstaklingurinn eigi að vera lífsglaður, hamingjusamur og andlega heill þurfi viðkomandi að uppfylla þessar meðfæddu þarfir. Þessar þarfir eru: ást og umhyggja, áhrifavald og stjórn, frelsi og sjálfstæði, gleði og ánægja og öryggi og lífsafkoma.

Meginmarkmið kenningar Diane Gossen er að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt og gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín. Litið er á mistök sem eðlilegan þátt í lærdómsferli.

Öll börn vilja vera góðir og gefandi einstaklingar og því er lögð áhersla á að börnin setji sér markmið. Jafnframt er umræða um óskaveröldina og í tengslum við þá umræðu er gerður deildarsáttmáli með börnunum.

Lykilatriðið við að starfa eftir þessari hugmyndafræði er að kennarar skoði sín lífsgildi og hvaða grunnþarfir þeir eru að uppfylla dagsdaglega. Þeir þurfa að nota orðræðu sem einkennist af opnum spurningum og jákvæðum samskiptum.



Félagsleg hugsmíðahyggja.



Leikskólinn Bakkaborg byggir á gömlum grunni enda búinn að vera starfræktur í nærri hálfa öld.

John Dewey, Lev Vygotsky og fleiri fræðimenn hafa með kenningum sínum litað starfið í leikskólanum. Félagsleg hugsmíðahyggja er kennd við þessa fræðimenn og á hún rætur að rekja til heimspeki, félagsfræði, kennslufræði og sálarfræði.

Félagsleg hugsmíðahyggja gengur út frá rannsóknum á manneskjunni sem félagsveru og hvernig nám á sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum manna á milli.

Félagsleg hugsmíðahyggja leggur áherslu á að:

- barnið sé virkt í þekkingarleit sinni og að það læri betur í samvinnu við aðra heldur en eitt og sér,
- barnið byggi nýja reynslu ofan á þá þekkingu og reynslu sem það hefur fyrir,
- barnið fái að gera verkefni sem eru áþreifanleg og sköpun þess njóti sín,
- barnið geti sýnt og kynnt öðrum verkefni/sköpun sína,
- verkefnin sem barnið er að kljást við sé í samhengi við raunveruleikann,
- námsumhverfið sé auðugt, hvetjandi og opið,
- hlutverk kennarans sé að styðja, hvetja og leiðbeina barninu, bæði einstaklingslega og sem hluta af hóp, hann á að skapa gott námsumhverfi og vera góð fyrirmynd.



Áherslur í leik og námi barna

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins. Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja á eigin forsendum. Börn fá útrás fyrir tilfinningar sínar, hugmyndir, fróðleiksfýsn og forvitni. Þá öðlast þau félagslega færni með því að fá tækifæri til að þroskast í samskiptum við önnur börn þar sem þarf að skiptast á, taka tillit til, virða skoðanir og miðla málum. Í leik birtist reynsluheimur barna.



Leikurinn er aðalnámsleið leikskólans. Umhverfi skólans er skipulagt þannig að það efli sjálfstæði, samskipti og leikgleði barna. Í boði er fjölbreyttur efniviður sem ýtir undir leik og skapandi hugsun. Frjáls leikur er í hávegum hafður þar sem börnin flæða um svæði leikskólans og nýta þann efnivið sem er í boði hverju sinni.

Þar sem leikur barna byggir meðal annars á reynsluheimi þeirra þá er markvisst verið að byggja við þann grunn, m.a. með skipulögðu starfi, lestri bóka, þátttöku í daglegum athöfnum og vettvangsferðum. Börn eru í eðli sínu fróðleiksfús og forvitin því má segja að starf leikskólans snúist um að skapa tækifæri til að auðga reynsluheim þeirra.

Kennarar leikskólans gegna lykilhlutverki í leik, námi og námsumhverfi barna. Þeir bjóða upp á fjölbreytt leikumhverfi og leikefni, styðja við sjálfsprottna leiki og jákvæð samskipti og sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leiknum. Þeir eru fyrirmyndir barna í samskiptum og umgengni.



Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er áhersla á gildi leiksins í öllu leikskólastarfi og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis.

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.“



Í Bakkaborg er markvisst unnið með lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti. Börnin taka virkan þátt í að móta starfið. Þegar margar tillögur eru varðandi sama atriðið þá fer fram kosning. Lögð er áhersla á samræður þar sem hver hlustar á annan og skoðanaskipti eiga sér stað. Samvinna og hjálpssemi er í hávegum höfð. Jafnrétti er meðal annars fólgið í því að öll börnin hafa jöfn tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni í leikskólanámi sínu. Áhersla er á gæða barnabækur þar sem gætt er að jafnrétti og hugað að mannréttindum almennt.



Aðalstefna Bakkaborgar er að veita börnum leikskólans **fyrsta flokks menntun og uppeldi** og leita stöðugt nýrra leiða til að **gera góðan skóla enn betri**.

Í Bakkaborg er lögð áhersla á að **draga fram hæfileika barna, kennara og foreldra** þannig að allir fái notið sín. Í því felst ákveðið frelsi til athafna og leikja. Með þessu frelsi felst ekki réttur til að trufla aðra, vera dónalegur eða ganga á rétt annars aðila.



Aðalmarkmið Bakkaborgar er að útskrifa **glöð og sjálfstæð börn** sem eru **félagslega sterk og víðsýn**.

Í Bakkaborg er allt gert með **hagsmuni barna að leiðarljósi**.



Í öllu starfinu eiga gildi Bakkaborgar; **gleði, vinátta og virðing**, að skína í gegn og unnið er eftir **Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga**, sem er í senn uppeldis- og samskiptastefna.

Bakkaborg er vinnustaður barna og fullorðinna þar sem stefnt er að því að **láta drauma verða að veruleika**. Það er meðal annars gert með því að temja sér **jákvætt viðhorf** til hvers annars og leikskólans. Þannig verður keðja barna og kennara að gullkeðju sem geislar af **gleði, vináttu og virðingu**.



Grunnbættir menntunar

Í aðalnámskrá leikskóla eru teknir fyrir sex grunnbættir sem eiga að mynda kjarna menntastefnunnar fyrir öll skólastigin, þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Grunnbættirnir tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Í leikskóla á að sinna grunnþáttunum innan námssviða.

Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar...“

Lýðræði og mannréttindi

„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skóla. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna...“

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum... að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

Heilbrigði og velferð

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“

Sköpun

„Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna... getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“

Námssvið og leiðir

Námssvið leikskólans eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þau eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskólans, jafnframt taka þau mið af grunnþáttum menntunar, leiðarljós leikskóla og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „Námssvið leikskólans eiga að:

- vera hluti af leik barna,*
- vera samþætt daglegu starfi leikskóla,*
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,*
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,*
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,*
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,*
- hvetja til samvinnu og samstarfs,*
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,*
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,*
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,*
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,*
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,*
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,*
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.“*



Læsi og samskipti

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

Raddir barna:

„Klifra, lita, plúskubbar... vera úti að renna mér, spila, skoða bók og bara alveg allt sem er hægt að gera í leikskólanum.“

„Læra stafina... læra að telja.“ „Leika mér með vinum mínum...stundum í holukubbum.“

„Leika.“ „Að skrifa nafnið mitt og læra stafina mína.“ „Skemmtilegast að leika mér.“



Raddir foreldra:

„Að barninu líði vel, vilji koma í leikskólann og læri að leika við og með öðrum.“

„Að börn fræðist um akademíska hluti eins og lestur en einnig sé lögð áhersla á skapandi hugsun, listir o.s.frv.“ „Læsi, þekkja stafina, félagsfærni og sjálfstæði.“

„Læsi (kenna stafina, vísur, þulur o.fl. tengt íslensku máli), umhverfiskennsla/vitund, sjálfstæði og kærleikur.“ „Þekki stafina og einföld hugtök í stærðfræði. Kunni að skrifa einfalda stafi.“ „Geti unnið í hóp með öðrum, eigi auðvelt með að leika við alla.“

Markmið Bakkaborgar um læsi og samskipti eru meðal annars að:

- **Styrkja sjálfsmynd** barna með því að stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, þar sem þau geta deilt skoðunum sínum og hugmyndum.
- **Efla félagsfærni** barna með því að þau kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í víðum skilningi.
- **Auka víðsýni** barna með því að þau læri að njóta fjölbreyttra bóka, sagna, ljóða, þula og ævintýra, ásamt því að velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og mismunandi heimamenningu.

Áherslupættir með námssviðinu læsi og samfélag

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðir Bakkaborgar eru m.a. eftirfarandi:
„Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.“	• Unnið er með gildi leikskólans; gleði, vináttu og virðingu í barnahópnum. • Börnin læra um þarfirnar og hvernig við stjórnnum okkur sjálfum en ekki öðrum. • Málið er markvisst notað allsstaðar – málörvun – og þeim hjálpað sem eru að læra íslensku samhliða sínu heimamáli. • Unnið er eftir aðferðinni <i>Gefðu 10</i>.
„Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.“	• Mikil áhersla er á að börnin hafi næg tækifæri til að túlka og endurskapa reynslu sína í frjálsum leik. • Margskonar efniviður er til sköpunar og hafa börnin frjálsan aðgang að honum.
„Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efnivið.“	• Börnin eru hvött til að segja frá því sem er efst á baugi. • Efniviður s.s. leikbrúður, myndir, ritföng, búningar og opinn efniviður er í boði til að auðvelda börnum að tjá og túlka.
„Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.“	• Börnin eru „böðuð“ í málinu allan daginn. • Sett eru orð á athafnir og hluti. • Ýmsir orðaleikir eru viðhafðir og mikið sungið. • Markvisst er spjallað við hvert barn.
„Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.“	• Á hverjum degi eru lesnar bækur eða sagðar sögur og ævintýri, sungið og farið með þulur eða ljóð. • Börnin eru hvött til að búa til sögur og nota þá jafnvel myndir úr Sögugrunninum með. • Í frjálsum leik fer fram mikill spuni sem oft tengist bók sem hefur verið lesin, vettvangsferð eða annarri upplifun barnanna.
„Þróa læsi í víðum skilningi.“	• Tilfinningalæsi er æft með vináttuverkefni Barnaheilla (Blær) • Í daglegum samskiptum æfast börnin í að lesa tilfinningar, sýna tillitsemi, kurteisi og vináttu. • Í vettvangsferðum læra börnin að lesa í umhverfið og náttúruna. • Börnin lesa í ýmis tákni og myndir í umhverfinu. • Í gegnum samtali, hlátur og grátur, bókalestur, leik og gleði læra börn að lesa í lífið.
„Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu.“	• Ritmál er sýnilegt í leikskólanum • Aðgengi barna að bókum er gott. • Ritföng og pappír er í boði.

„Deila skoðunum sínum og hugmyndum.“	- Börnin taka þátt í að skipuleggja starfið og koma með hugmyndir að efnivið. - Börnin taka þátt í að setja reglur í leikskólanum. - Börnin eru hvött til að segja frá því sem á daga þeirra hefur drifið.
„Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.“	- Bækur og spjaldtölvur eru nýttar til að leita upplýsinga. - Börnin hafa aðgengi að fjölbreyttum efnivið til að hjálpa sér að setja fram hugmyndir sínar.
„Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.“	- Barnamenning er í hávegum höfð og eru sameiginlegar söngstundir, náttfataball, jólaball o.m.fl. gert til gamans. - Bakkaborg er fjölmeningalegur leikskóli sem kveikir á samræðum um mismunandi menningu. - Íslenskt samfélag er skoðað og rannsakað með samtali og vangaveltum, bókum og vettvangsferðum. - Tekið er þátt í margskonar menningartengdum uppákomum, s.s. degi íslenskrar tungu, evrópska tungumáladeginum, jólaundirbúningi, bónda- og konudegi.

Mikið reynir á læsi í öllum mannlegum samskiptum og er tungumálið þar eitt af lykilatriðinu. Barn þarf að öðlast færni til að meðtaka orð, skilja þau og kunna að beita þeim til að tjá hugsanir, skoðanir, tilfinningar og langanir. Læsi og samskipti eru því samtvinnuð öllu starfi leikskólans.

Bakkaborg vinnur eftir læsisstefnu Breiðholts.



Heilbrigði og vellíðan

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.“

Raddir barna:

„Leika mér...drekka vatn... ég sofi bara heima.“ „Borða... fer í samveru.“ „Að vera góður.“ „Að eignast nýja vini... búa til hjarta.“ „Leika.“,

„Ég hef lært að vera í hópastarfi.“ „Það má ekki borða nammi... það er vont fyrir tennurnar... þá koma Karíus og Baktus.“ „Ég fór út... leika inni... fara í samveru.“ „Leika og fara út.“



Raddir foreldra:

„Að barnið upplifi öryggi, væntumþykju og að þörfum þess sé mætt.“ „Öryggi og líði vel.“

„Að barninu mínu líði vel og upplifi sig öruggt.“

„Að hann sé nógu góður eins og hann er og þurfi ekki viðurkenningu frá öðrum til að líða vel heldur sé bara sjálfsöruggur í eigin skinni og sé ekki borinn saman við aðra sífellt, að það er í lagi að vera alls konar.“ „Að „hoppa“ úr leikskóla og yfir í grunnskóla er mikil breyting. Mætti undirbúa þau fyrir að gera hlutina sjálf, skeina, klæða sig, skera matinn o.s.frv. því þau fá ekki þessa aðstoð í skóla.“

Markmið Bakkaborgar um heilbrigði og vellíðan eru meðal annars að:

- **Styrkja sjálfsmynd** barna með umhyggju þannig að hvert barn fái að þroskast á eigin forsendum.
- **Efla félagsfærni** barna með því að stuðla að jákvæðum samskiptum og að styrkja félagsleg tengsl.
- **Auka víðsýni** barna með því að efla þau í tilfinningalæsi.

Áherslupættir með námssviðinu heilbrigði og vellíðan

Skv. aðalnámskrá skal stuðla að heilbrigði og vellíðan leikskólabarna með því að leggja áherslu á:	Leiðir Bakkaborgar eru m.a. eftirfarandi:
„Umhyggju.“	- Tekið er á móti hverju barni af umhyggju og virðingu. - Hverju barni er gefinn sinn tími og er lögð áhersla á að vera með fá börn á hverju svæði. - Börnin eru hvött til að gera sjálf, aðstoða hvert annað og sýna tillitssemi.
„Persónulega umhirðu.“	- Börnin eru hvött til að gera sem mest sjálf, en þó undir leiðsögn kennara, s.s. að klæða sig í og úr útifötunum, þvo sér um hendur og nota hnífapör. - Börnin fá einnig leiðsögn og aðstoð við að hjálpa sér sjálf á salerninu, í samræmi við aldur.
„Holla næringu.“	- Rík áhersla er á holla fæðu. - Börnin eru hvött til að smakka allan mat. - Börnin eru hvött til að skammta sér sjálf, brytja, smyrja og stappa. - Lögð er áhersla á að matartíminn sé róleg stund, þar sem notalegar samræður eru á meðan.
„Fjölbreytta hreyfingu.“	- Margskonar hreyfileikir og dans eru bæði inni og úti. - Fín- og grófhreyfisvæði eru í leikskólanum. - Leikskólalóðin býður upp á fjölbreytta hreyfingu. - Vettvangsferðir eru farnar um víðan völl, inn í skóg og út í mó.
„Ögrandi og krefjandi útivist.“	- Útivera í fjölbreyttu veðurfari er hluti af dagskipulaginu. - Margskonar vettvangsferðir eru farnar og eru margar áskoranir á leiðinni, s.s. klettar, hólar, brekkur, hálka, snjór o.s.frv.
„Slökun og hvíld.“	- Í erli dagsins er gott að hvíla sig og endurnæra. - Eftir hádegismatinn er ró í leikskólanum, þá sofna yngstu börnin, en þau eldri hlusta á sögur eða dunda sér í rólegum verkefnum.
„Tilfinningalegt jafnvægi.“	- Börnin læra um eigin þarfir (þarfahringurinn) og að setja sig í spor annarra. - Þau læra að leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. - Með námsefninu Blæ verða þau læs á tilfinningar sínar og annarra.
„Jákvæð samskipti.“	Stuðlað er að jákvæðum samskiptum með því að börnin læri á eigin þarfir og tilfinningar.

	• Sett eru orð á tilfinningar og upplifunin tengd samskiptunum. • Kennarinn er til staðar og hjálpar börnunum ef upp kemur misskilningur eða ágreiningur (notar hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar).
„Félagsleg tengsl.“	• Lögð er áhersla á vináttuna og hvað er fólgið í því að vera vinur. • Gildi leikskólans, gleði, vinátta og virðing, eru í hávegum höfð. • Frjálsum leik er gefið rými og tíma. Kennarar eru meðvitaðir um að aðstoða þau börn sem ekki komast inn í leik.

Grundvöllur náms og framfara er heilbrigði einstaklingsins sem birtist í andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan. Það barn sem býr við öryggi og heilsusamlegt umhverfi drekkur í sig þekkingu úr umhverfi sínu og nýtir þau tækifæri sem þar eru að finna.

Bakkaborg er í innleiðingarferli í að verða Heilsueflandi leikskóli.



Sjálfbærni og vísindi

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélagi, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.“

Raddir barna:

„Lita, gera verkefni... fara út.“ „Leika.“

„Hópastarfið og svona... leika.“ „Kubba.“

„Hjóla og fara í sandkassann og moka.“ „Að fara út að leika.“

„Að fara út að leika þegar það er sumar.“



Raddir foreldra:

„Kærleikur fyrir fólki, dýrum og umhverfi.“ „Rými til að vera allskonar er nauðsynlegt“

Markmið Bakkaborgar um sjálfbærni og vísindi eru meðal annars að:

- **Styrkja sjálfsmynd** barna með því að þau upplifi sig sem hluta af náttúrunni og geti stuðlað að sjálfbærri þróun.
- **Efla félagsfærni** barna í gegnum kynni þeirra af náttúrulegu og manngerðu umhverfi þar sem umgengni þeirra, sem hóps, og virðing skiptir miklu máli.
- **Auka víðsýni** barna með því að kynna fyrir þeim hringrásir náttúrunnar, auðlindir og nýtingu.



Áherslupættir með námssviðinu sjálfbærni og vísindi

Skv. aðalnámskrá á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna og velta vöngum yfir:	Leiðir Bakkaborgar eru m.a. eftirfarandi:
„Umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi.“	• Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að ganga vel um og nota göngustíga þar sem þeir eru. • Börnin kynnst umhverfi sínu og nöfnum í umhverfinu í vettvangsferðum. • Plöntur og dýr vekja alltaf athygli og er börnunum kennt að bera virðingu fyrir öllu stóru og smáu, allt hefur sinn tilgang.
„Hvernig vistspor þeirra og nær samfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun.“	• Börnin taka virkan þátt í að flokka rusl samkvæmt ráðleggingum flokkunarstöðva. • Þau endurvinnna pappír og nýta opinn efnivið í skapandi starfi. • Börnin eru jafnframt hvött til að fá sér mat á diskinn í samræmi við það sem þau ætla að borða, þannig að það sé ekki verið að henda mat.
„Hringrásur og fyrirbærum í náttúrunni.“	• Í vettvangsferðum og annarri útiveru fylgjast börnin með og upplifa mismunandi veðurfar og árstíðir. • Þau fylgjast með trjánum laufgast á vorin og sjá svo lafin breyta litum og falla á haustin.
„Margvíslegum auðlindum náttúrunnar.“	• Gerðar eru tilraunir með vatn (snjór/klaki bráðnar og síðan í sólinni gufar vatnið upp). • Börnin sá fræjum og vökva með vatni. Þegar planta vex þá sést mjög vel ef einhver gleymir að vökva.
„Nýtingu náttúrunnar.“	• Vatnið er náttúruauðlind sem við nýtum og getum ekki verið án. • Í vettvangsferðum finna börnin ýmislegt sem fellur til í náttúrunni, þau nýta þann efnivið til rannsóknar og sköpunar.
„Upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga.“	• Fjölbreytt úrval bóka eru í boði þar sem börnin geta skoðað og velt vöngum yfir fyrirbærum í náttúrunni. • Bókasafnið í Gerðubergi er vel nýtt í upplýsingaleit. • Myndir með upplýsingum um þau viðfangsefni sem verið er að velta fyrir sér hverju sinni eru aðgengilegar börnunum.
„Stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum.“	• Numicon kubbar eru notaðir til að efla talnaskilning. • Notaðir eru kubbar af öllum stærðum og gerðum. • Margskonar spil eru í boði.

„Lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra.“	Börnin eru áhugasöm um flugur, köngulær, lirfur og orma. Kennarar virkja þann áhuga til að kafa dýpra með börnunum og skoða lífshætti dýranna.
„Eðli ýmissa krafta og birtinga-myndum þeirra í umhverfinu.“	- Mismunandi veðráttu hefur áhrif á umhverfið, jafnframt klæða börnin sig eftir veðri. - Árstíðirnar hafa hver sín einkenni, t.d. gróðurinn er mismunandi, fuglar koma, verpa, koma ungum á legg og fljúga burt til annarra landa.
„Eiginleikum ýmissa efna og hluta.“	Börnin eru í eðli sínu forvitin og gera margskonar tilraunir, bæði sjálf og undir handleiðslu kennara.
„Möguleikum og takmörkunum tækninnar.“	Velta vöngum yfir ýmsum hlutum, hvað er t.d. hægt að gera í tölvu og hvað er ekki hægt að gera þar?
„Rými, fjarlægðum og áttum.“	- Skoða kort af hverfinu og merkja inn á gönguleiðir barnanna í vettvangsferðum. - Nota kortið með börnunum til að komast frá einum stað til annars. - Tala um áttirnar í ferðunum.

Mikilvægt er að kenna börnunum snemma góða umgengni og nýtingu verðmæta. Hvers kyns tilraunir, umræða og fjölbreytt verkefni hvetja til dýpri skilnings á sjálfbærni og vísindalegu starfi. Börnin kanna umhverfi sitt, lesa í það og spyrja spurninga. Mikilvægt er að mæta áhuga og fróðleiksfýsn barna með hvatningu. Börnin þurfa að læra að bera virðingu fyrir öllu lífi, stóru sem smáu, allir eru mikilvægir hlekkir í keðju lífsins.



Sköpun og menning

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barni kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“

Raddir barna:

„Fara út og vera í fótbolta og vera í stelpuleik og fara í göngutúr á róló með mömmu og pabba mínum.“ „Leika.“

„Lita og mála og lesa.“ „Leika og lita.“ „Byggja hús.“ „Leika með dótið.“ „Leika mér í feluleik.“ „Ég kann að leika mér í búning.“ „Mála... fara úr.“



Raddir foreldra:

„Aðstoða við aukið sjálfstraust, þau séu óhrædd að standa upp fyrir sjálfum sér, að standa með öðrum í hóp.“ „Byggja upp sjálfsöryggi (t.d. með leikritum o.fl.).“ „Að leikskólinn hjálpi börnum að læra félagsfærni og hluti sem eru við hæfi fyrir hvern aldur fyrir sig.“

„Að hafa alltaf trú á sjálfu sér, góða félagsfærni, skapandi hugsun, hafi gott sjálfstraust, jákvæða líkamsímynd. Sé vel í stakk búið til að takast á við nám í grunnskóla.“



Markmið Bakkaborgar um **sköpun og menning** eru meðal annars að:


- **Styrkja sjálfsmynd** barna með því þau njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og finni til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- **Efla félagsfærni** barna í gegnum söng, sköpun og upplifun í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
- **Auka víðsýni** barna með því að kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, ásamt því að kynnast listafólki á ýmsum sviðum menningar og lista.

Áherslupættir með námssviðinu sköpun og menning

Skv. aðalnámskrá eiga leikskólabörn að hafa rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilegri tjáningu þar sem þau:	Leiðir Bakkaborgar eru m.a. eftirfarandi:
„Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.“	- Gott aðgengi er að margskonar efnivið, s.s. ritföngum, litum, opnum efnivið, búningum og fjölbreytt úrval af kubbum. - Börnin vinna í myndsköpun í hópastarfi. - Litið er á frjálsan leik sem skapandi ferli.
„Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.“	- Börnin vinna úr sínum hugmyndum og upplifunum á sínum forsendum. - Það er kennarans að skapa aðstæður og hvetja börnin til að gera tilraunir. - Stundum eru teknar ljósmyndir af ferlinu og þær settar í ferilmöppu.
„Kanna og vinna með margvíslegan efnivið.“	- Í könnunarleik með hluti eru yngstu börnin að kanna hlutina og gera ýmsar tilraunir með þá. - Inn á deildum er í boði allskonar efniviður til leikja, könnunar og sköpunar. - Í vettvangsferðum kviknar oft áhugi á að vinna nánar með efnivið sem börnin rekast á.
„Nýta fjölbreytta tækni.“	- Börnin hafa tækifæri til að nýta og beita mismunandi aðferðum við sköpun sína, s.s. mála, lita, klippa, líma, leira, opinn efniviður o.m.fl. - Jafnframt eru í boði búningar og önnur vefnaðarvara til búningagerðar.
„Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum.“	- Fjölbreytt úrval bóka eru lesnar og í boði að skoða. - Sögur og ævintýri eru sagðar. - Loðtöflusögur. - Kenndar eru þulur og vísur.
„Læra texta og taka þátt í söng.“	- Á hverju degi er sungið. - Markvisst eru öll börnin í leikskólanum að læra ákveðinn texta og syngja hann.
„Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.“	- Gott aðgengi er að margskonar efnivið til sköpunar og tjáningar. - Aðgengi er að einföldum hljóðfærum. - Ýtt er undir sjálfsprottin söng og dans.
„Njóta fjölbreyttrar menningar og lista.“	- Börnin kynnast ýmsu í heimsóknum sínum í Gerðuberg, þar eru fjölbreyttar sýningar settar upp. - Stundum koma listamenn með sýningar í leikskólann. - Elsti árgangurinn fær boð á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og í leikhús.

	Farið er í vettvangsferðir í lista- og minjasöfn.
„Taka þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.“	- Börnin eru virk í að móta menningu leikskólans og eru fjölbreyttar uppákomur þar sem börnin taka virkan þátt í undirbúningnum, má þar nefna náttfataball, þorra- og góukaffi, og sumarhátíð. - Einnig eru ýmsar hefðir sem hafa myndast sem breytast í takt við barnahópinn hverju sinni.
„Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.“	- Samstarf við listafólk er gefandi en stendur því miður ekki alltaf til boða. - Aðkeyptir listamenn koma þó stundum með t.d. leiksýningar, brúðuleikhús, sirkuslist og töfrabrögð.

Skapandi hugsun er undirstaða allra framfara. Skapandi starf er samofið menningu og setur lit á mannlífið. Umhverfi sem hvetur til sköpunar einkennist af fjölbreyttum efniviði, svigrúmi til frjálsra athafna, fjölbreyttri reynslu, stuðningi og hvatningu.



Námsefni

Nám barna fléttast inn á allt starf leikskólans, hvort heldur er í frjálsum leik, skipulögðu starfi eða daglegum athöfnum. Kennarinn er hér í lykilhlutverki því það er hans að styðja börnin og hvetja, spyrja spurninga, undrast, leika, setja orð á og bjóða upp á námstækifærin.

Fyrir hádegi fer fram hópastarf þar sem unnið með margskonar námsefni sem styður við hugmyndafræði skólans og námssviðin.

Tímalína er sett niður á hverju hausti og kemur þar fram hvað vinna á með í hópastarfi. Á tímalínunni kemur fram hvaða ljóð/pulur/vísur á að vinna með í hverri viku, ásamt bókum, hljóði vikunnar (Lubbi), hópleikjum, og orð vikunnar. Jafnframt eru þarfirnar úr þarfahringnum settar þarna inn. Tímalínurnar eru mismunandi eftir aldri barna.

Þarfahringurinn - Fyrsta verkefni haustsins fjallar um þörfina fyrir öryggið sem táknad er með húsi. Þá vinna börnin margskonar verkefni sem tengjast þeirri grunnþörf að lifa í öruggu umhverfi. Á svipaðan hátt er fjallað um hinar þarfirnar fjórar, eina af annarri. Farið er mishratt eftir aldri barnanna og getu.

Vináttuverkefni Barnaheill – Blær er forvarnarverkefni gegn einelti sem þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag.

Lubbi finnur málbein er námsefni þar sem verið er að æfa málhljóðin og nota tákn með. Lubbi er íslenskur fjárhundur (tuskuhundur) sem er að leita að málhljóðum þannig að hann nái að tala mannamál. Hann ferðast víða um Ísland og rekst á fullt af orðum sem sum hver eru erfið að skilja. Með hjálp barnanna er ýmislegt hægt.

Sögugrunnurinn er nýttur til að efla börn í frásögn. Myndir sem fylgja efninu styðja börnin í sögugerð.

Leikur að læra er námsefni þar sem börnum eru kenndir bóklegir námsþættir í gegnum leik, hreyfingu og skynjun á skipulagðan og líflegan hátt.

Opinskátt um ofbeldi er verkefni sem stuðlar að því að börnin geti rætt opinskátt um ofbeldi og taki afstöðu gegn því.



Menntastefna reykjavíkurborgar og Barnasáttmálinn

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 - Látum draumana rætast, leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi. Þar segir m.a.: „Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.“ Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 er leiðarljósið að barnið sé virkur þátttakandi, þar segir m.a.: „Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.“

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna „...felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnast sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að... Jafnframt felst í honum viðurkenning á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi; þau eigi sín eigin réttindi – óháð réttindum fullorðinna.“

Greinar barnasáttmálans eru 54 og eru þær allar jafnmikilvægar. Þó er talað um eftirfarandi greinar sem grundvallarákvæði og því vert að hafa þær alltaf í huga:

2.grein. Jafnræði – bann við mismunum

„Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fjötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.“

12.grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“

3.grein. Það sem barninu er fyrir bestu

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.“

6.grein. Réttur til lífs og þroska

„Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.“

Af heimasíðu Umboðsmanns barna:

<https://www.barn.is>

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er réttindum barna skipt í þrjá flokka; það er vernd, umönnun og þátttaka. Það má í raun segja að þetta séu þau grunngildi sem leikskólastarfið snýst um. Grunnþættir menntunar eiga að fléttast inn í allt starf leikskólans, þeir eiga sér stoð hver með sínum hætti meðal annars í barnasáttmálanum.

Þar sem lýðræði og jafnrétti er í leikskólastarfi, þar er unnið með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og grunnþættir menntunar fléttast inn í alla þætti leikskólastarfsins.




Skóli margbreytileikans

Leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú. Leikskólabörn eru ólík og ber að leggja áherslu á styrkleika þeirra og hæfni í öllu starfi leikskólans, ásamt þörfum þeirra fyrir hvatningu, leiðsögn og vernd kennara.

Í barnahópnum hverju sinni geta verið börn sem þurfa íhlutun til að geta tekið virkan þátt í leik og námi. Þetta geta verið börn sem eru að ná tökum á íslenskunni, börn með málörðugleika, langveikindi, fötlun, félagslega eða tilfinningalega erfiðleika.

Í Bakkaborg er öflugt sérkennsluteymi sem veitir íhlutun. Sérkennslan er aðlöguð þörfum hvers barns og fer að mestu leyti fram inni á leikskóladeildum, en einnig í minni hópum og einstaklingsstundum ef þörf er á rólegra umhverfi til draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Að öðru leyti fer sérkennsla fram í gegnum samvinnu innan leikskólans með tilliti til verkefnavals, aðlögunar á umhverfi og verkefnum með áherslu á að börnin upplifi vellíðan og hafi möguleika til virkar þátttöku, vaxtar og þroska í leikskólastarfinu.

Litið er á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum en ekki aðgreint úrræði. Unnið er eftir hugmyndum um skóla margbreytileikans. Skóli margbreytileikans er hugsaður sem ferli sem samþættir almennt skólastarf og sérkennslu með það að markmiði að öll börn séu virkir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem fjölbreytni í barnahópnum er talið vera norm og menntun hvers einstaklings er gæðamenntun þar sem stuðningur er í boði eftir þörfum hvers og eins.



Samskipti

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og er í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs í samvinnu við kennara, börn og foreldra. Leikskólastjóri ber jafnframt ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun leikskólans.

Leikskólakennarar og aðrir kennarar eiga að vera leiðandi í mótun leikskólastarfsins. Kennurum ber að virða hvert barn og skapa þeim tækifæri til að þroskast og njóta bernsku sinnar á sínum forsendum. Kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir barna í samskiptum og starfi.

Allir þeir sem koma að námi barna eru kennarar, hvort sem þeir eru faglærðir eða ófaglærðir. Hlutverk þeirra sem starfa í leikskólum er því stórt og ábyrgðin mikil.



Eins og áður hefur komið fram starfar Bakkaborg eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Kennarar leikskólans að skoða sín lífsgildi og hvort þeir séu að uppfylla sínar grunnþarfar og þar með að verða betri kennarar. Jafnframt þurfa þeir að nota þá orðræðu sem einkennir þessa hugmyndafræði sem er m.a. opnar spurningar og jákvæð samskipti.

Eitt af meginmarkmiðum leikskólans (skv. lögum um leikskóla nr.90/2008) er að: „*veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.*“

Kennarinn er því íslenskukennari barnanna og málfarsleg fyrirmynd. Hann er duglegur að setja orð á það sem börnin eru að fást við dagsdaglega. Markvisst auðgar kennarinn málumhverfið með því að eiga samtal við hvert barn um það sem vekur áhuga þess. Les bækur, segir sögur, syngur og leikur sér með málið.



Sumir kennararnir eru að læra íslensku og þeir sýna þá gott fordæmi með því að vera áhugasamir og leggja sig fram við að læra málið.



Málstefna Bakkaborgar

Vorið 2024 var skipuð nefnd með fulltrúum allra deilda með það markmið að mynda stefnu um tungumálanotkun innan leikskólans. Afrakstur vinnunnar var **málstefna Bakkaborgar**:

- Leikskólamálið er íslenska.
- Við kennum íslensku í leikskólanum.
- Við tölum leikskólamálið inni á deild. Við erum öll málfyrirmyndir.
- Engin tungumál eru bönnuð en við hvetjum hvort annað til að tala leikskólamálið, bæði inni og úti.
- Við hjálpum börnum að skipta úr heimamáli yfir í leikskólamálið.
- Við sýnum öllum tungumálum virðingu.
- Við bjóðum öll tungumál velkomin og tengjum þau við íslenskuna, til dæmis með því að hlusta á lög sem eru til bæði á íslensku og öðrum tungumálum.
- Ef við útskýrum eitthvað á heimamáli barns útskýrum við það líka á íslensku, til dæmis með samlokuaðferðinni: íslenska – heimamál – íslenska.
- Tungumálakunnátta starfsmanna er auðlind sem nýtist bæði í samskiptum við börn sem eru ekki orðin örugg í leikskólanum og við foreldra.

Samskiptasáttmáli

Kennararnir í Bakkaborg gerðu með sér **samskiptasáttmála** út frá gildum leikskólans og hugmyndafræði. Sáttmálinn nær til samskipta sem kennarar hafa sín á milli, við börnin og foreldra.

- Við heilsum með brosi og bjóðum góðan daginn.
- Við berum virðingu fyrir einstaklingnum og mætum stundvíslega inn á deild.
- Við hrósum hvort öðru.
- Við höfum gaman saman.
- Við hlæjum saman.
- Við njótum augnabliksins og gefum öllum tíma.
- Við hlustum af áhuga.
- Við erum til staðar.
- Við erum jákvæð og lausnamiðuð.
- Við sýnum væntumþykju.
- Við erum kurteis og tillitssöm.
- Við sýnum stuðning og traust.
- Við sýnum gleði, virðingu og vináttu í öllum samskiptum.
- Við vinnum saman að því að gera góðan skóla að enn betra samfélagi barna, foreldra og kennara.

Samstarf leikskóla og heimilis

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.“



Samstarf heimilis og leikskóla er mjög mikilvægur hlekkur í uppeldi og menntun leikskólabarnsins. Mikilvægt er að foreldrar fái vitneskju um innra starf leikskólans og breytingar í leikskólanum er varða börnin. Á sama hátt er mikilvægt að kennarar fái bakgrunnsupplýsingar um börnin er snerta velferð þeirra og breytingar á einkahögum sem geta valdið þeim spennu og vanlíðan. Traust þarf að ríkja á milli heimilis og skóla.

Allir sem starfa í leikskólanum skrifa undir þagnareyð sem gildir ævilangt. Fullur trúnaður er um upplýsingar er varðar börnin og fjölskyldur þeirra. Þagnarskylda þessi nær þó ekki til atvika sem ber að tilkynna samkvæmt barnaverndarlögum.

Áður en barnið byrjar í leikskólanum er foreldrum kynnt leikskólastarfið. Þá er foreldrum boðið á kynningarfund og/eða í viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra. Foreldrar fá kynningu og gögn um leikskólann og leikskólastarfið. Leikskólinn er skoðaður þar sem aðaláherslan er lögð á tilvonandi deild barnsins.

Í upphafi leikskóladvalar er barni og foreldrum þess gefinn tími til að kynnst starfsemi leikskólans og kennurum. Þessi aðlögun getur tekið mislangan tíma þar sem hún er einstaklingsmiðuð. Þó má alltaf gera ráð fyrir að grunnaðlögunin taki þrjá til fimm daga. Annað foreldrið er þá með barninu í leikskólanum hluta úr deginum fyrstu dagana. Þannig er verið að gefa barninu tíma til að verða öruggt í nýjum aðstæðum og treysta böndin á milli foreldra og kennara. Foreldrar fá aðlögunaráætlun senda fyrir leikskólabyrjun.

Í daglegum samskiptum við foreldra er lögð áhersla á að þeir séu velkomnir og mikilvægar persónur í lífi barnsins. Ábendingar og spurningar frá foreldrum er tekið fagnandi og allri virkni þeirra sem styður leikskólastarfið.



Raddir foreldra: „Að barnið sé ávallt velkomið og að samskipti við foreldra séu hreinskilin og heiðarleg á báða bóga og byggji á trausti.“

Foreldrakynning er haldinn á hverju hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt og gefin tækifæri til umræðna um það sem liggur foreldrum á hjarta er varðar mál leikskólans. Jafnframt er kosið í foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins.

Foreldraráð er kosið til eins árs í senn og í því sitja að lámarki þrír foreldrar. Foreldraráð setur sér starfsreglur til að starfa eftir. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.




Foreldrafélag er starfandi við leikskólans. Allir foreldrar eru félagar í því en ákveðin stjórn heldur utan um starf félagsins. Foreldrafélagið heldur utan um ýmsar upppákomur sem eru bæði á viðverutíma barnanna í leikskólanum og utan hans. Öflugt foreldrafélag er mikill styrkur fyrir leikskólastarfið sem og traust foreldraráð.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Þá er foreldrum boðið í viðtal við deildarstjóra og farið saman yfir stöðu og málefni barnsins.



Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann, þótt alltaf verði að taka tillit til starfsins sem er í gangi hverju sinni. Ýmsir viðburðir eru skipulagðir í leikskólastarfinu (gjarnan í samstarfi við foreldrafélagið) þar sem börn, foreldrar og kennarar eiga góða stund saman.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að **gæta þagmælsku og ræða ekki** það sem þeir heyra eða sjá **varðandi persónuleg málefni annarra barna** en sinna í leikskólanum.



Samstarf milli skólastiga

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða sá grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.“

Breiðholtsskóli er hverfissskóli leikskólanna í Bakkahverfi. Gott samstarf er á milli skólastiganna og skipulagðar eru heimsóknir þar sem markvisst er verið að efla leikskólabörnin og gera þau örugg í að taka næsta skref í námi sínu í nýju umhverfi. Skipulag samstarfsins má finna í starfsáætlun leikskólans ár hvert.

Læsi allra mál (LÆM) er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti sem er stýrt af Þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið verkefnisins er að efla mál og læsi hjá börnum og ungmennum í Breiðholti. Markvisst er unnið að því að skapa samfellu í námi og lögð er áhersla á ákveðna verkferla sem tryggja gæði náms.



Í LÆM samstarfinu var ákveðið að allir leikskólar myndu leggja fyrir tvær árgangsskimanir, það er **EFI-2** og **HLJÓM-2**. Þjónustumiðstöð Breiðholts vinnur úr niðurstöðum og skilar til leikskólanna. Jafnframt eru niðurstöður HLJÓM-2 og Leið til læsis (sem er lagt fyrir 1. bekk) bornar saman og tillögur að íhlutun kynntar hverjum leikskóla. Þessar niðurstöður fara á milli skólastiga, þannig er markvisst unnið áfram þar sem frá var horfið. Haustið 2024 voru settir á reglulegir hverfisfundir milli Breiðholtsskóla og hverfisleikskólanna til að efla læsi og samfellu milli skólastiga.

Sameiginleg læsisáætlun fyrir leik- og grunnskóla Breiðholts er metnaðarfullt plagg sem á að skapa samfellu í læsinámi barna.

Skil milli skólastiga leik- og grunnskóla í Bakka- og Stekkjahverfi í Breiðholti er fastmótað. Gátlisti er fylltur út fyrir hvert barn sem er að flytjast á milli skólastiga og kvitta foreldrar undir þann lista. Í gátlistanum er fjallað um: félagsþroska, fínhyrreyfingar, grófhreyfingar, sjálfshjálp og málþroska. Niðurstöður úr HLJÓM-2 og EFI-2 ásamt TRAS fylgja börnunum milli skólastiga.

Bakkasel er frístundaheimilið í Breiðholtsskóla og hittast elstu árgangar hverfisleikskólanna þar til að kynnst hvert öðru og frístundaheimilinu.

Samstarf við stofnanir og nærumhverfi

Samstarf er við ýmsa aðila í nærumhverfi leikskólans, þar sem stór þáttur í námi barna eru vettvangsferðir um nánasta umhverfið. Einnig er farið í lengri ferðir til að kynnast menningunni og sjálfri Reykjavíkurborg.

Þó nokkuð samstarf hefur verið á milli leikskólanna í Bakkahverfi og eru meðal annars stundum árgangaheimsóknir á milli leikskóla. Oft er kíkt í heimsókn í frístundaheimilið Bakkasel, stundum er heilsað upp á félagsmiðstöðina Bakkann og lóðin hjá Breiðholtsskóla er spennandi.

Samstarf leikskólans við aðrar stofnanir er oft í tengslum við verkefni eða menningarviðburði og má þar helst nefna:

- **Menningarhúsið Gerðuberg** býður upp á margskonar sýningar og skemmtilegar uppákomur fyrir leikskólabörn .
- Í Gerðubergi er jafnframt **Borgarbókasafnið** til húsa, þar er tekið á móti leikskólabörnum í sögustundir, ásamt því að leikskólinn getur fengið lánaðar bækur.
- **Tónskóli Sigursveins** er í samstarfi við fjölda leikskóla og er Bakkaborg einn af þeim. Börnin læra þungan texta og æfa sig í að syngja hann saman yfir vetrarmánuðina. Síðan er söngurinn fluttur af öllum leikskólabörnunum í **Hörpu á Barnamenningarhátíð** að vori.
- **Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið** bjóða leikskólabörnum í heimsókn.
- **Sinfóníuhljómsveit Íslands** býður elsta árgangi leikskólanna á tónleika ár hvert.
- **Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins** heilsar upp á elsta árgang leikskólans og fræðir þau um eldvarnir.
- **Umferðarskólinn** er með umferðarfræðslu fyrir elsta árganginn leikskólans.
- **Listasöfn og önnur menningarsöfn** eru heimsótt og fer það þá eftir sýningum og áhuga barnanna.
- **Minjasöfnin** eru heimsótt.
- **Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn** er kannaður og þá yfirleitt að sumri til.

Ýmsar hátíðir eru haldnar í leikskólanum og eru þá oft tímabundið samstarf við aðra aðila s.s. leikara, söngvara eða aðra skemmtikrafta.

Leikskólinn er einnig í góðu samstarfi við foreldra og barnavernd við að aðstoða börn í vanda.

Í 19. grein Barnasáttmála S.Þ. er kveðið á um vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu. „Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.“

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 17. gr. ber þeim er starfa með börnum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef vart verður við að barn búi við ofbeldi eða vanrækslu. Má hér benda á nánari umfjöllun á heimasíðu Barnaverndarstofu (www.bvs.is) undir Ítarlegar upplýsingar – verklagsreglur og vinnulag – verklagsreglur skólafólk).

Mat á starfi leikskólans

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

Innra mat

Í leikskólanum Bakkaborg er stór barnahópur með misjafnar þarfir, reynslu og væntingar. Til þess að geta mætt hverjum einstaklingi þar sem hann er þá þarf alltaf að vera að meta starfið.

Matsáætlun

	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun		X		X	
Uppeldis- og menntastarf	X	X	X	X	X
Mannauður	X		X		X
Leikskólabragur	X	X	X	X	X
Menntastefnan	X	X	X	X	X
Uppeldi til ábyrgðar	X		X		X
Heilsueflandi leikskóli		X		X	
Nám án aðgreiningar	X		X		X

Matsaðferðir

Matið í leikskólanum er bæði **óformlegt**, sem fer þá fram í umræðum og viðtölum á fundum, og **formlegt**, en þá er stuðst við ýmsar athuganir, skráningar, útfyllingarlista, kannanir o.fl.

Óformlegt símat fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum, samtölum við foreldra og síðast en ekki síst, samtölum við börnin. Foreldrum er boðið til samtals um leikskólastarfið, bæði í foreldraviðtölum og í sérstökum umræðuhópum.



Skráningar eru hluti af hópastarfi með börnum, þar sem fjallað er um hvað var gert, hvernig gekk og hvað mætti betur fara. Þannig er metið hér og nú og umbætur gerðar strax.

Starfsáætlun leikskólans kemur út á hverju sumri. Í henni má finna **matsáætlun** fyrir hvert ár þar sem hver deild, sérkennslan og skólastjórn meta sitt starf og setja sér markmið fyrir næsta vetur. Starfsáætlun er endurmetin á miðjum vetri.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 er metin með **gátlistum**. Í þeim eru viðmið við hvern grundvallarþátt og vísbendingar sem benda til að unnið sé með viðkomandi þætti. Þarna er auðvelt fyrir skóla að meta sína stöðu og gera umbætur út frá því.

Í **Heilsueflandi leikskóla** er unnið með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Mótuð hafa verið viðmið og fylgja **gátlistar** með til að endurmeta stöðuna.

Nám án aðgreiningar er metið með **spurningarlista** frá Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Með spurningalistanum er námsumhverfi leikskóla margbreytileikans metið og ígrundað með áherslu á félags-, náms- og efnislega þætti umhverfisins.


Ytra mat

Skóla- og frístundasvið (SFS) hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar og er eftirlitið fólgið í því að kanna hvort skólarnir starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

SFS sendir út spurningakannanir sem lagðar eru fyrir foreldra og kennara. Á hverju ári fara nokkrir leikskólar í heildarmat og er þá verið að skoða allt sem viðkemur starfi leikskólans.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur einnig ytra mat á nokkrum skólum á ári sem staðsettir eru víðsvegar um landið.



Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat þarf þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólaskólinu.“

Í Bakkaborg er **fjölbreyttur hópur barna með misjafnar þarfir**. Allt starfið í Bakkaborg miðar að því að mæta margbreytilegum hópi barna á jafnræðisgrundvelli með einstaklingsþarfir að leiðarljósi.

Á **deildarfundum** fer fram óformlegt mat á stöðu barna og barnahópsins í heild.

Ferilmappa er fyrir hvert barn og er í hana safnað ýmsum gögnum frá barninu, s.s. teikningum, ljósmyndum, samtölum og fleira.

Ýmis skimunartæki eru notuð til að skoða stöðu barna og má þar nefna **EFI-2** og **HLJÓM-2** sem eru árgangsskimanir. Einnig eru önnur skimunartæki notuð þegar þurfa þykir, eins og Íslenski smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, TRAS, AEPS, Íslenski máhljóðamælirinn og Hæfnirammur fjöltyngdra barna.

Verkfærakista KVAN er notuð til að skoða félagslega stöðu barna í barnahópnum og bregðast við standi barn höllum fæti félagslega.



Umsögn foreldraráðs um skólanámskrána

Helstu stuðningsrit við gerð þessarar skólanámskrár

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (heimasíða: <https://barnasattmali.is>).
- Barnaverndarstofa (heimasíða: <http://www.bvs.is>).
- Diane Gossen & Judy Anderson (1995). *Creating the Conditions – Leadership for Quality Schools*.
- Kristín Ármannsdóttir. *Læsi allra mál – LÆM verkefnið í Breiðholti* (lokaskýrsla vegna styrks úr Sprotasjóði).
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*.
- Netla – veftímarit um uppeldi og menntun (grein birt 16. apríl 2007). Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson: *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga*.
- Reykjavíkurborg (2019). *Látum draumana rætast*. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Fríða B. Jónsdóttir. *Gefðu 10. Ekki bíða, byrjaðu strax!*
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2017). *Lesið í leik, læsisstefna leikskóla*.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (2014). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs*.

Jafnframt var stuðst við hin ýmsu vinnugögn svo sem fundargerðir, veggspjöld, ljósmyndir, eldri skólanámskrá og starfsáætlanir.